

3. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. janúar 1995.

Reykjavík, 6. apríl 1995.

Garðar Valdimarsson, ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

**um tímabundna heimild til innflutnings á vetnisklórflúorkolefnum (HCFC)
samkvæmt 4. gr. og viðauka 2 reglugerðar nr. 546/1994 um
varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna.**

1. gr.

Fyrirtæki sem óska eftir leyfi til að flytja inn vetnisklórflúorkolefni (HCFC) á árinu 1995 í samræmi við d. lið 4. gr. og 9. gr. reglugerðar nr. 546/1994 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna skulu senda umsóknir til Hollustuverndar ríkisins samkvæmt auglýsingu stofnunarinnar í Lögbirtingablaði þar að lútandi.

2. gr.

Við ákvörðun á magni HCFC til fyrirtækja skal m.a. stuðst við magn HCFC og klórflúorkolefna (CFC) sem flutt var inn til landsins af viðkomandi fyrirtæki árið 1989.

3. gr.

Noti fyrirtæki samkvæmt 1. gr. ekki að fullu úthlutað magn af HCFC er Hollustuvernd ríkisins heimilt að úthluta því magni sem eftir stendur til fyrirtækja sem sótt hafa um heimild til innflutnings samkvæmt 1. gr. og/eða sannanlega flutt inn HCFC og/eða CFC fyrir birtingu auglýsingar þessarar.

4. gr.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt ákvæðum 4. gr. og viðauka 2 reglugerðar nr. 546/1994 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna.

Umhverfissráðuneytið, 7. apríl 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.